



Starf sérfræðings í heimilislækningum við Heilsugæsluna í Garðabæ

Um er að ræða 100% ótímabundið starf sem veitist frá 1. janúar 2016 eða eftir samkomulagi
Umsóknarfrestur er til **10. október 2015**.

Garðabær er vaxandi sveitarfélag með tæplega 15 þús. íbúa. Við Heilsugæsluna starfa nú sjö sérfræðingar í heimilislækningum í 5,5 stöðugildum, barnalæknir og fæðingarlæknir í hlutastörfum, félagsráðgjafi, hreyfistjóri/sjúkraþjálfari í hlutastöðu og tíu hjúkrunarfræðingar. Auk þess eru þrjú sérnámslæknar í heimilislækningum tengdir stöðinni og lækna-kandidatar hafa um árabíl fengið þjálfun á stöðinni. Þar starfa fastir kennarar í heimilislæknisfræði og samskiptafræði við Háskóla Íslands og umtalsverð kennsla læknanema fer fram á stöðinni.

Frekari upplýsingar um starfið:

Upplýsingar um starfið veitir Bjarni Jónasson yfirlæknir Heilsugæslunnar í Garðabæ í síma 520-1800 eða í tölvupósti: bjarni.jonasson@heilsugaeslan.is

Laun eru greidd samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélags Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms og starfsferilskrá ásamt gögnum sem staðfesta menntun, fyrri störf, vísinda- og kennslustörf. Þeim gögnum sem ekki er hægt að skila rafrænt skal skilað til Svövu K. Þorkelsdóttur mannaútsjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík. Umsókn getur gilt í allt að 6 mánuði. Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Við ráðningar í störf hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Sækja skal um starfið rafrænt á vef Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (www.heilsugaeslan.is), undir laus störf eða á Starfatorgi (www.starfatorg.is).

Hæfnikröfur:

- Krafist er að umsækjendur hafi sérfræðimenntun í heimilislækningum.
- Skipulagshæfni, sjálfstæði í starfi og öguð vinnubrögð.
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum og reynsla af teymisvinnu.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almennar lækningar.
- Heilsuvernd.
- Vaktþjónusta.
- Kennsla nema.
- Þátttaka í vísindarannsóknum, gæða- og umbótarverkefnum.